

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra 29. ágúst 1960, nr. 64.

Auglýsing um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. september 1960, nr. 65.

Auglýsing um samning um norrænt póstsamband, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 20. september 1960, nr. 66.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960, undirskrifað af forsetanum 27. september 1960, nr. 67.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Ísrael, undirskrifuð af forsetanum 6. október 1960, nr. 68.

Auglýsing um greiðslusamning milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af forsetanum 7. október 1960, nr. 69.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 70.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Egilsstöðum.

156
19. sept.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 11. nóv. f. á., varðandi filmæli íbúa Egilsstaðahrepps um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Egilsstöðum, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Vallanessóknar og héraðsfundar Suður-Múlaprófastsdæmis fyrir þessari ráðstöfun, samþykkir ráðuneytið, með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, að Vallanessókn verði skipt í tvær sóknir, Vallanessókn og Egilsstaðasókn, þannig að Egilsstaðahreppur verði sérstök sókn, enda haldi Vallanessókn eignum sínum og sjóði óskertum og samkomulag verði um afnot hinnar nýju Egilsstaðasóknar af Vallaneskirkju, meðan þeirra gerist þörf.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um ráðningu sjúkrahúslækna, nr. 242 10. ágúst 1945.

157
21. sept.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Lausar sjúkrahúslæknisstöður (yfirlæknisstöður) við önnur sjúkrahús eða stærri en getur í 1. gr., skal jafnan auglýsa með minnst 4 vikna fyrirvara.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 93 1953 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. september 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.